

2023
1. hluti

Börn og netmiðlar

Tækjæign og virkni
á samfélagsmiðlum



FJÖLMIÐLANEFND



MENNTAVÍSINDASTOFNUN

Börn og netmiðlar

1. hluti - Tækjæign og virkni á samfélagsmiðlum

Mái 2024

Fjölmiðlanefnd

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir

Umsjón: Skúli B. Geirdal

ISBN: 978-9935-468-35-2

<https://doi.org/10.33112/MOQA6701>

Mynd á forsíðu: Adobe Stock Image 329332122

INNGANGSORÐ	4
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
FRAMKVÆMD	6
ÞÁTTTAKENDUR	7
SNJALLTÆKI	8
Tækjæign og netaðgangur	
Mynd 1.1. Áttu eitthvað af þessu heima?	8
Mynd 1.2. Áttu eitthvað af þessu heima? Hlutfall þeirra sem eiga eigin tæki.	9
Mynd 1.3. Notar þú eitthvað af eftirtöldum [netmiðlum].	10
Netmiðlanotkun	
Tafla 1.1. Notar þú eitthvað af eftirtöldu?	11
Mynd 1.4. Ertu með aðgang að [eftirfarandi netmiðlum]?	12
Mynd 1.5. Notendur með eigin aðgang að netmiðlum?	13
Mynd 1.6. Hlutfall með opinn aðgang á samfélagsmiðlum.	14
Mynd 1.7. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi?	15
Notkun samfélagsmiðla	
Mynd 1.8. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi?	17
Mynd 1.9. Hversu oft gerir þú eftirfarandi á netinu?	18
Netnotkun og mynddeilingar	
Mynd 1.10. Hversu oft gerir þú [eftirfarandi á netinu]? Daglegar athafnir.	19
Mynd 1.11. Hversu oft gerir þú [eftirfarandi á netinu]?	20
Mynd 1.12. Hversu oft gerir þú [eftirfarandi á netinu]?	22
ÁHRIFAVALDAR	
Hverju fylgjast ungmenni með á netinu?	
Mynd 1.13. Hvernig áhrifavöldum fylgist þú með á netinu?	23
Tafla 1.2. Hvernig áhrifavöldum fylgist þú með á netinu?	24
Mynd 1.14. Hvaða áhrifavöldum fylgist þú mest með?	25
GERVIGREIND	
Þekking og notkun á ChatGPT	
Mynd 1.15. Þekkir þú til ChatGPT?	26
Mynd 1.16. Hefur þú notað ChatGPT við að leysa verkefni í skólanum?	26

Forsenda þess að hægt sé að þróa og bjóða upp á vandaða fræðslu fyrir börn og ungmenni er að gerðar séu kannanir með reglubundnum hætti á því hvernig börn og ungmenni nota fjölmiðla og samfélagsmiðla. Í síbreytilegum tækniheimi breytist notkun ört, sumir miðlar detta út og aðrir þróast og breytast. Með endurteknum rannsóknum er hægt að fylgjast með þeim breytingum sem verða á notkun samfélagsmiðla og nýta þær upplýsingar í fræðslu- og kynningarefni.

Á árinu 2021 var fyrsta rannsókn Fjölmiðlanefndar gerð í samstarfi við Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Það samstarf hefur reynst afar farsælt. Þá var ákveðið að leggja fyrir víðtæka spurningakönnun meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9-18 ára um allt land. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í nokkrum hlutum og vöktu þær talsverða athygli þegar þær voru birtar.

Fjölmiðlanefnd hefur nú aftur fengið Menntavísindastofnun Háskóla Íslands til að leggja fyrir samskonar könnun. Hún byggir að mestu leyti á spurningum fyrri könnunar, auk þess sem búið er að bæta við fleiri spurningum, m.a. um líðan og áhættuhegðun ungs fólks. Könnunin sem framkvæmd var árið 2021 byggði á rannsókn sem upphaflega var unnin af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet. Að þessu sinni voru nokkrar spurningar teknar út og öðrum bætt við. Reynt var að finna jafnvægi milli þess að fylgja eftir spurningum sem yrðu samanburðarhæfar milli ára og að bæta við nýjum spurningum í takti við breytta notkun barna og ungmenna.


Jafnframt var ákveðið að hafa spurningalistann á íslensku, ensku og pólsku til að ná til þeirra barna sem ekki eru með íslensku að móðurmáli. Um síðustu áramót voru 16,6% landsmanna erlendir ríkisborgarar, þar sem Pólverjar eru langfjölmennastir, eða rúmlega þriðjungur allra erlendra ríkisborgara. Mikilvægt er að ná til sem flestra barna og ungmenna, einnig þeirra sem ekki eru með íslensku að móðurmáli til að fá heildarsýn yfir málaflokkinn.

Í byrjun árs 2024 færðist umsjón með framkvæmd SAFT-verkefnisins frá Heimili og skóla til Fjölmiðlanefndar. SAFT er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og ungmenna á Íslandi. Þar sem Fjölmiðlanefnd hefur það lögbundna hlutverk að efla miðla- og upplýsingalæsi allra landsmanna á verkefnið vel heima hjá nefndinni. Þetta fyrirkomulag samræmist þeim áherslum sem mótaðar hafa verið á hinum Norðurlöndunum, að opinberar stofnanir sinni bæði rannsóknum og fræðslustarfi í miðla- og upplýsingalæsi. Niðurstöður þessarar könnunar munu því nýtast vel í því fræðslustarfi sem sinnt er undir merkjum SAFT, nú Netöryggismiðstöðvar Íslands.

Áfram verður tryggt að skólar, fræðasamfélagið og aðrir geti nálgast rannsóknargögn á aðgengilegu formi, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Vonast er til að niðurstöður könnunarinnar verði uppspretta frekari kannana og rannsókna á þessu sviði.

Elfa Ýr Gylfadóttir

Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar




FARSÍMAEIGN

99% í framhaldsskóla.

97% í 8. - 10. bekk.

87% í 4. - 7. bekk.




SNAPCHAT

er **vinsælasti samfélagsmiðill** þeirra sem voru með eigin aðgang.

Aldursviðmið er 13 ár.


— Opinn aðgangur sem allir geta séð.

Mynd sýnir uppsafnað hlutfall.



SAMFÉLAGSMÍÐLAR

55% barna í 6. - 10. bekk grunnskóla og **76%** í framhaldsskóla eyðir **miklum tíma** á **samfélagsmiðlum**.



SNJALLMENNI

42% barna í 6. - 10. bekk grunnskóla og **75%** í framhaldsskóla þekktu **ChatGPT**.

— Hafa notað ChatGPT við skólaverkefni.

Mynd sýnir uppsafnað hlutfall.



Strákar Stelpur

Hlutfall af heild Skilyrt birting

Í þessari skýrslu eru birtar helstu niðurstöður könnunarinnar Börn og netmiðlar sem framkvæmd var seint á haustmisseri 2023. Könnunin náði til nemenda í grunn- og framhaldsskólum um land allt. Í fyrstu fyrirlögn 2021 var grunnur spurningalistans byggður á rannsókn norsku fjölmiðla-nefndarinnar Barn og media, en var að hluta til endurbættur í þessari umferð. Spurningalistinn var sendur til umsagnar Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir.

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára um land allt. Alls tóku 6.489 nemendur þátt, þar af voru 4.562 grunnskólanemar í 4. – 10. bekk og 1.927 framhaldsskólanemar. Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti á skólastigunum tveimur.

Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir í öllum landshlutum. Heimild var fengin hjá skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga til að hafa samband við skólastjóra innan umdæma þeirra. Grunnskólar sem tóku þátt voru 53 af 60 boðuðum skólum. Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og þeim gefinn kostur á að hafna þátttöku. Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund eftir settum verklagsreglum.

Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskóla var að nokkru leyti frábrugðin. Haft var samband við 32 framhaldsskóla á landinu öllu og samþykktu 25 þeirra þátttöku. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri. Netpóstur með fræðslu um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur til allra nemenda sem voru 18 ára eða yngri og þátttöku í könnuninni hafði ekki verið hafnað. Skólarnir sendu út tvær ítrekanir til mögulegra þátttakenda.

Allir þátttakendur voru upplýstir um að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og/eða hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. Einnig var þeim greint frá því að ekki væri verið að afla neinna persónuupplýsinga.

Spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu, stysta útgáfan var fyrir nemendur í 4. bekk, en lengri listi var ætlaður nemendum í 5. – 7. bekk. Nemendur á unglingastigi (8. – 10. bekk) og í framhaldsskólum fengu lengri spurningalista með fleiri efnisflokkum.

Tímabil fyriragnar var frá lokum október og fram í miðjan nóvember 2023. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði, en fyrir framhaldsskólanema var vigtað eftir kyni og landssvæði.

ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólunum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið.

Skólameisturum framhaldsskólanna þökkum við fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.

Í töflunum á þessari síðu má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins möguleiki að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

GRUNNSKÓLI

Bekkir	Strákar		Stelpur		Stálp		Vildu ekki svara	
	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)
4. bekkur	281	46,1	300	49,3	8	1,3	20	3,3
5. bekkur	294	48,3	297	48,8	4	0,7	14	2,3
6. bekkur	282	46,4	308	50,7	6	1,0	12	2,0
7. bekkur	307	51,0	277	46,0	4	0,7	14	2,3
8. bekkur	424	53,0	356	44,5	9	1,1	11	1,4
9. bekkur	388	49,9	370	47,6	7	0,9	13	1,7
10. bekkur	371	52,8	307	43,7	7	1,0	18	2,6

FRAMHALDSSKÓLI

Aldur	Strákar		Stelpur		Stálp		Vildu ekki svara	
	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)
<15 ára	4	26,7	8	53,3	2	13,3	1	6,7
15 ára	55	37,9	89	61,4	1	0,7		
16 ára	323	36,4	540	60,9	11	1,2	13	1,5
17 ára	205	30,2	450	66,4	16	2,4	7	1,0
18 ára	77	29,6	176	67,7			7	2,7


TÆKJAEIGN OG NETAÐGANGUR

Í upphafi könnunarinnar voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu aðgang að farsíma, tölvu eða fartölvu og öðrum snjalltækjum, mynd 1.1.

Langflestir grunn- og framhaldsskólanemar áttu sinn eigin farsíma. Rúmur helmingur grunn-skólanema áttu leikjatölvu og tæpur helmingur framhaldsskólanema. Þá jókst hlutfall þeirra sem áttu fartölvu/tölvu með aldrinum og í framhaldsskóla var hlutfallið 96%. Nánar má sjá snjalltækjæign ungmenna á mynd 1.1

Mynd 1.1. Áttu eitthvað af þessu heima?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Á mynd 1.2 má sjá svör stráka og stelpna sem eiga sín eigin snjalltæki. Hlutfall stráka og stelpna sem áttu sína eigin farsíma var nokkuð jafnt. Mestur munur á snjalltækjæign stráka og stelpna var eign á leikjatölvum. Rúmlega helmingi fleiri strákar en stelpur sögðust eiga sína eigin leikjatölvu. Þá var einnig hærra hlutfall stráka sem sögðust eiga sitt eigið sjónvarp. Meðal grunnskólanema voru strákar frekar líklegir til að eiga sína eigin tölvu/fartölvu. Spjaldtölvueign var hins vegar örlítið algengari meðal stelpna en stráka. Snjallúr (sem hægt er að hringja með) var álíka algeng eign meðal stráka og stelpna.

Mynd 1.2. Áttu eitthvað af þessu heima? Hlutfall þeirra sem eiga eigin tæki.

Niðurstöður flokkaðar fyrir stráka og stelpur og skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



NETMIÐLANOTKUN

Þátttakendur voru spurðir um hvort þeir notuðu samfélagsmiðla og þá hvaða miðla þeir notuðu. Spurningin var fjölvalsspurning, þ.e. merkja átti við alla miðla sem þátttakendur notuðu. Á mynd 1.3 eru orðaský fyrir aldurshópana með 15 algengustu netmiðlunum sem þátttakendur merktu við af þeim 32 sem upp voru taldir. Sjá nánar í töflu 1.1.


Mynd 1.3. Notar þú einhverja af eftirtöldum netmiðlum?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum.



4. - 7. bekkur

Algengasti samfélagsmiðillinn sem þessi aldur notaði var YouTube. Athugið að ekki var gerður greinarmunur á YouTube og YouTube Kids í spurningunni. Google og Roblox komu þar á eftir.



8. - 10. bekkur

Snapchat, YouTube og TikTok voru þeir miðlar sem flestir nemendur á unglingastigi nefndu. Heldur færri notuðu Roblox en í yngsta hópnum.



Framhaldsskóli

Á framhaldsskólastigi voru Instagram, Snapchat, og TikTok þeir miðlar sem flestir nemendur nefndu. YouTube var sá netmiðill sem lenti í fjórða sæti.

Í töflunni hér að neðan sést hlutfall þátttakenda sem notuðu nefnd smáforrit. Allir þátttakendur í 4. til 10. bekk grunnskóla og í framhaldsskóla fengu þessa spurningu.

Tafla 1.1. Notar þú eitthvað af eftirtöldu?

Fjölvalsspurning. Hlutfall stráka og stelpna eftir skólastigum.

App*	Bekkir	Strákar (%)	Stelpur (%)
YouTube	4.-7. bekkur	88	81
	8.-10. bekkur	92	78
	Framhaldsskóli	93	80
TikTok	4.-7. bekkur	32	40
	8.-10. bekkur	78	87
	Framhaldsskóli	68	91
Instagram	4.-7. bekkur	11	12
	8.-10. bekkur	63	80
	Framhaldsskóli	81	97
Snapchat	4.-7. bekkur	38	45
	8.-10. bekkur	85	94
	Framhaldsskóli	89	98
Facebook	4.-7. bekkur	11	8
	8.-10. bekkur	48	47
	Framhaldsskóli	70	86
Discord	4.-7. bekkur	19	6
	8.-10. bekkur	46	11
	Framhaldsskóli	45	12
Roblox	4.-7. bekkur	55	68
	8.-10. bekkur	30	46
	Framhaldsskóli	15	16
Twitch	4.-7. bekkur	14	2
	8.-10. bekkur	27	4
	Framhaldsskóli	23	4
Google	4.-7. bekkur	65	65
	8.-10. bekkur	79	75
	Framhaldsskóli	83	89
Annað. Fylltu út hér.	4.-7. bekkur	10	13
	8.-10. bekkur	6	3
	Framhaldsskóli	4	2

*Smáforrit

Í töflu 1.2 er sýnt hlutfall stráka og stelpna í 6. - 10. bekk grunnskóla og framhaldsskóla sem nota eftirfarandi smáforrit. Nemendur í 4. og 5. bekk fengu ekki þennan hluta spurningarinnar. Spurt var um nokkur smáforrit í viðbót sem voru það lítið notuð að hlutfall þátttakenda sem nota þau er ekki birt.

Tafla 1.2. Notar þú eitthvað af eftirtöldu? Merktu við allt sem þú notar

Fjölvalsspurning. Hlutfall stráka og stelpna í 6. - 10. bekk grunnskóla og framhaldsskóla.

App*	Bekkir	Strákar (%)	Stelpur (%)
Twitter	6.-7. bekkur	8	2
	8.-10. bekkur	24	10
	Framhaldsskóli	38	19
Messenger	6.-7. bekkur	39	39
	8.-10. bekkur	52	60
	Framhaldsskóli	74	89
Teams eða Zoom	6.-7. bekkur	4	5
	8.-10. bekkur	6	8
	Framhaldsskóli	7	9
WhatsApp	6.-7. bekkur	29	46
	8.-10. bekkur	18	28
	Framhaldsskóli	12	13
ChatGPT	6.-7. bekkur	9	1
	8.-10. bekkur	17	4
	Framhaldsskóli	34	17
BeReal	6.-7. bekkur	4	17
	8.-10. bekkur	17	33
	Framhaldsskóli	14	38
Life360	6.-7. bekkur	10	9
	8.-10. bekkur	15	19
	Framhaldsskóli	15	35
Pinterest	6.-7. bekkur	7	33
	8.-10. bekkur	15	65
	Framhaldsskóli	12	75
Reddit	6.-7. bekkur	7	2
	8.-10. bekkur	18	3
	Framhaldsskóli	24	5
Strava	6.-7. bekkur	2	1
	8.-10. bekkur	4	5
	Framhaldsskóli	20	28

*Smáforrit


Á mynd 1.4 má sjá hlutfall þeirra sem nota viðkomandi miðla. Meðal yngsta hópsins (4. - 7. bekk) er hátt hlutfall notenda netmiðlanna með eigin aðgang þrátt fyrir að aldursmörk séu 13 ára. Í þessum unga aldurshópi voru hlutfallslega fæstir með eigin aðgang að YouTube af uppgefnum samfélagsmiðlum.

Meðal eldri hópanna eru nánast allir sem nota netmiðlana með eigin aðgang, en YouTube sker sig þó úr, þar sem hlutfallslega færri hafa eigin aðgang að þeim miðli.

Mynd 1.4. Ertu með aðgang að [eftirfarandi netmiðlum]?

Aðeins þeir sem höfðu merkt við að nota eftirfarandi netmiðil fengu spurninguna.


Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Mynd 1.5. Notendur með eigin aðgang að eftirfarandi netmiðlum.

Aðeins þeir sem höfðu merkt við að nota eftirfarandi netmiðil fengu spurninguna.


Tölur á mynd eru hlutfallstölur fyrir stráka og stelpur.



Ekki er að sjá mikinn mun á hlutfalli stráka og stelpna sem hafa eigin aðgang að þeim netmiðlum sem þau nota, fyrir utan meðal YouTube notenda. Í grunnskóla voru 19% fleiri strákar en stelpur með eigin aðgang að YouTube.

Mynd 1.6. Hlutfall samfélagsmiðlanotenda með opinn eigin aðgang (sem allir geta séð) á eftirfarandi samfélagsmiðlum.

Aðeins þeir sem eru með eigin aðgang fengu spurninguna. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Á mynd 1.6 sést að strákar sem notuðu samfélagsmiðla voru mun líklegri en stelpur til að vera með opinn aðgang sem allir geta séð. Mestur er munurinn meðal þátttakenda í 4. - 7. bekk á TikTok þar sem 70% stráka sem eru með TikTok sögðust vera með opinn aðgang. Með hækkandi aldri dró úr hlutfalli stráka með opinn aðgang á TikTok en hlutfall stelpna jókst.


NOTKUN SAMFÉLAGSMIÐLA

Allir þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi voru beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um upplifun og notkun sína á samfélagsmiðlum. Svarmöguleikar voru fjórir; sammála, hvorki sammála né ósammála, ósammála og að þau væru ekki viss.


Mynd 1.7. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Ég hef mikið samband við vini mína á samfélagsmiðlum




Ég deili því sem er mikilvægt fyrir mig á samfélagsmiðlum




Ég hitti fólk sem hefur sömu áhugamál og ég á samfélagsmiðlum



Ég hef séð eftir sumu sem ég hef deilt á samfélagsmiðlum



Ég eyði miklum tíma á samfélagsmiðlum



Langflestir þátttakenda sögðust sammála því að hafa mikið samband við vini sína á samfélagsmiðlum. Einnig taldi meirihluti þátttakenda að þeir eyddu miklum tíma á samfélagsmiðlum.


Innan við þriðjungur þátttakenda var sammála því að þeir deildu því sem þeim þætti mikilvægt eða hittu fólk með sameiginleg áhugamál og þau á samfélagsmiðlum.

Um fjórðungur þátttakenda á unglingastigi (24%) hefur séð eftir því sem þau hafa deilt á samfélagsmiðlum en hlutfallið meðal framhaldsskólanema er nokkuð hærra eða 42%.

Mynd 1.8. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi?

Hlutfall stráka og stelpna eftir skólastigum sem eru sammála fullyrðingunum.

Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Heilt yfir voru stelpur á báðum skólastigum líklegri til að vera sammála fullyrðingunum á mynd 1.8. Hlutfallslegur munur var 5% til 13% fleiri stelpur sem samþykktu fullyrðingarnar fyrir utan að vera sammála því að hitta hópa fólks á samfélagsmiðlum með sömu áhugamál og þær. Þar voru strákar líklegri til að samþykkja fullyrðinguna (8 – 10 %).

NETNOTKUN OG MYNDDEILINGAR


Eftirfarandi spurningar fengu aðeins þeir þátttakendur sem notuðu samfélagsmiðla og voru með eigin aðgang eða aðgang með öðrum fjölskyldumeðlimum.

Spurt var um tíðni þess að nota netið eða deila myndum/myndböndum á netinu. Sú virkni sem þátttakendur voru ólíklegastir til að gera var að deila myndum eða myndböndum í opnum aðgangi á netinu. Nálægt helmingur svarenda gerði það aldrei eða vissu ekki tíðnina.


Mynd 1.9. Hversu oft gerir þú eftirfarandi á netinu?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Notar netið við skólavinnu eða nám?




Gerir eigin myndbönd á YouTube, Snapchat, TikTok eða Instagram?




Deilir eða sendir myndbönd á YouTube, Snapchat, TikTok eða Instagram?





Deilir myndum eða myndböndum sem sýna andlit þitt?



Deilir myndum eða myndböndum í lokuðum hópum?



Deilir myndum eða myndböndum í opnum aðgangi á samfélagsmiðlum?




Flestir á unglinga- og framhaldsskólastiginu notuðu netið daglega við skólavinnu eða nám, sjá mynd 1.9. Í 4. – 7. bekk var hlutfallið nokkuð lægra eða 14%. Um þriðjungur framhaldsskólanema deildi eða sendi myndbönd, deildi myndum/myndböndum sem sýndu andlit viðkomandi eða deildi myndum/myndböndum í lokuðum hópum.

Stelpur voru aðeins líklegri en strákar til að vera virkar daglega í þeim aðgerðum á netinu sem spurt var um, að undanskildum þeim fámenna hópi sem deildi daglega myndum/myndböndum í opnum aðgangi á samfélagsmiðlum, sjá mynd 1.10.


Mynd 1.10. Hversu oft gerir þú [eftirfarandi á netinu]? Daglegar athafnir.

Hlutfall stráka og stelpna með aðgang að samfélagsmiðlum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Notar netið við skólavinnu eða nám?




Deilir þú myndum eða myndböndum í lokuðum hópum?




Deilir eða sendir myndbönd á YouTube, Snapchat, TikTok eða Instagram?




Deilir myndum eða myndböndum sem sýna andlit þitt?



Gerir eigin myndbönd á YouTube, Snapchat, TikTok eða Instagram?



Deilir myndum eða myndböndum í opnum aðgangi á samfélagsmiðlum?




Strákar Stelpur


Mynd 1.11. Hversu oft gerir þú [eftirfarandi á netinu]?

Birtingarskilyrði var að vera með eigin aðgang að samfélagsmiðlum eða deila aðgangi með öðrum á heimilinu. Hlutfall eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


a) Leitar að upplýsingum á netinu (t.d. á Google)?




b) Setur þú inn komment á samfélagsmiðlum?




c) Setur þú 'like' eða hjarta við færslur á samfélagsmiðlum?





d) Tekur þátt í hópum á samfélagsmiðlum þar sem fólk er með sömu áhugamál og þú?



e) Kaupir eitthvað á netinu?



f) Skoðar þú hluti sem þú getur keypt á netinu?



Liðir a, b, og c á mynd 1.11 voru lagðir fyrir alla aldurshópa. Algengt var á öllum skólastigunum þremur að setja „like“ eða hjarta við færslur á samfélagsmiðlum auk þess að leita upplýsinga með leitarvélum eins og Google.

Að setja komment vikulega eða oftar við færslur á samfélagsmiðlum var algengast meðal nemenda á unglingastigi (41%).

Spurningar d og e voru aðeins lagðar fyrir nemendur í 6. bekk og eldri. Færri en fjórðungur þátttakenda eru daglega eða vikulega í hópum á samfélagsmiðlum með fólki sem eru með sömu áhugamál og þau. Langflestir í 6. bekk og eldri, kaupa eitthvað aldrei eða sjaldnar en mánaðalega á netinu.

Aðeins nemendur á unglinga- og framhaldsskólastigi voru spurðir hvort þeir skoðuðu hluti sem þeir geta keypt á netinu. Tæpur helmingur þeirra gerir það vikulega eða oftar.




Mynd 1.12 á næstu síðu sýnir hversu oft strákar og stelpur eru virk við ýmislegt á samfélagsmiðlum sbr. mynd 1.11.

Ekki er umtalsverður munur milli stráka og stelpna hvað varðar að leita upplýsinga með leitarvélum t.d. Google daglega eða setja inn komment á samfélagsmiðlum. Hins vegar eru aðeins fleiri stelpur en strákar sem setja „like“ eða hjarta daglega við færslur annarra á samfélagsmiðlum.

Nemendur 6. bekkjar og eldri fengu lið d og e. Algengara var meðal stráka en stelpna að vera daglega í áhugamannahópum á netinu. Sárafáir strákar og stelpur keyptu daglega hluti á netinu, þ.e. um 1%. Svipað hlutfall stráka og stelpna á unglingastigi (15%) skoðuðu hluti daglega sem þau gátu keypt á netinu en á framhaldsskólastigi var hlutfall stráka (15%) hærra en stelpna (10%).

Mynd 1.12. Hversu oft gerir þú [eftirfarandi á netinu]?


Hlutfall stelpna og stráka sem svöruðu „Á hverjum degi“ flokkað eftir skólastigum.
Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Hverju fylgjast ungmenni með á netinu?

Allir þátttakendur voru spurðir ýmissa spurninga sem tengjast áhrifavöldum, YouTube-stjörnum og bloggnum sem þau mögulega fylgdu eða skoðuðu á netinu. Spurningin er fjölvalsspurning og því er samantlagt hlutfall innan skólastiga yfir 100%.

Mynd 1.13. Hvernig áhrifavöldum, t.d. á YouTube eða bloggnum fylgist þú með á netinu? Merktu við allt sem þú skoðar eða fylgist með. Fjölvalsspurning.



Í töflu 1.3 hér að neðan má sjá hverjum strákar og stelpur fylgjast með flokkað eftir skóla-
stigum. Mikill munur er milli kynja hvað varðar að fylgjast með spilun tölvuleikja og íþróttum.
Verulegur munur er einnig milli stráka og stelpna hvað varðar tísku, föt og förðun en þar er
hlutfall stelpna hærra.

Tafla 1.3. Hvernig áhrifavöldum, t.d. á YouTube eða bloggurum fylgist þú með á netinu?

Umfjöllunarefni áhrifavalda/bloggara	Skólastig	Strákar (%)	Stelpur (%)
Tölvuleiki og fólk að spila	4.-7. bekkur	69	25
	8.-10. bekkur	71	16
	Framhaldsskóli	67	19
Íþróttir	4.-7. bekkur	45	26
	8.-10. bekkur	58	30
	Framhaldsskóli	50	27
Tísku, föt og förðun	4.-7. bekkur	4	25
	8.-10. bekkur	14	62
	Framhaldsskóli	20	67
Líkamsrækt	4.-7. bekkur	8	6
	8.-10. bekkur	31	25
	Framhaldsskóli	48	40
Matur	4.-7. bekkur	20	20
	8.-10. bekkur	30	38
	Framhaldsskóli	34	50
Náttúra	4.-7. bekkur	10	13
	8.-10. bekkur	14	12
	Framhaldsskóli	18	16
Dýr	4.-7. bekkur	21	33
	8.-10. bekkur	19	24
	Framhaldsskóli	19	28
Tónlist	4.-7. bekkur	21	38
	8.-10. bekkur	34	48
	Framhaldsskóli	54	59
Grín- og/eða hrekkjamyndbönd	4.-7. bekkur	29	23
	8.-10. bekkur	38	32
	Framhaldsskóli	47	38
Raunveruleikastjörnur	4.-7. bekkur	5	10
	8.-10. bekkur	6	22
	Framhaldsskóli	6	34
Vinum með eigin rás á YouTube	4.-7. bekkur	12	9
	8.-10. bekkur	12	6
	Framhaldsskóli	9	6
Einhver í skólanum með YouTube rás	4.-7. bekkur	7	5
	8.-10. bekkur	5	3
	Framhaldsskóli	3	3
"Uppþökkun"	4.-7. bekkur	11	7
	8.-10. bekkur	12	6
	Framhaldsskóli	14	6
Annars konar áhrifavöldum	4.-7. bekkur	10	15
	8.-10. bekkur	11	12
	Framhaldsskóli	15	10
Fylgi engum bloggara/áhrifavaldi	4.-7. bekkur	9	19
	8.-10. bekkur	7	14
	Framhaldsskóli	5	10

Allir þátttakendur í 6. bekk eða eldri, voru beðnir um að nefna þrjá helstu áhrifavalda sem þeir fylgdu. Á mynd 1.14 má sjá orðaský til glöggvunar með 35 helstu áhrifavöldum sem ungmennin tiltóku. Stærra letur gefur til kynna fleiri tilnefningar. Ekki verður farið út í frekari tölfræðivinnslu á tilnefningunum í skýrslu þessari.

Mynd 1.14. Hvaða YouTube-rás, bloggara, tölvuleikjaspilara eða áhrifavöldum fylgist þú mest með?

Niðurstöður flokkaðar fyrir stráka og stelpur í 6. bekk og eldri.

Strákar



Stelpur




Ég skoðaði garðálfa service, sem setur garðálfa í garðana hjá fólki til að hrekkja þau

ÞEKING OG NOTKUN Á CHATGPT

Snjallmennið ChatGPT var opnað fyrir almenna notkun í lok nóvember 2022. Hugbúnaðarforritið vakti verulega eftirtekt og mikla fjölmiðlaumfjöllun hér á landi þar sem íslenskan var annað tungumálið sem snjallmennið gat talað. Ekki hefur áður verið spurt um snjallmenni í Börnum og netmiðlum.

Mynd 1.15. Þekkir þú til ChatGPT?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Athygli vekur að mun fleiri strákar en stelpur þekkja til snjallmennisins ChatGPT en munurinn minnkar með hækkandi aldri, mynd 1.15. Meðal nemenda á unglingastigi var 38% munur á strákum og stelpum sem þekktu til snjallmennisins, þ.e. um sjö af tíu strákum þekktu til ChatGPT samanborið við þrjár af hverjum tíu stelpum. Sama hlutfall stráka og stelpna (19%) sem þekktu til snjallmennisins hafa notað ChatGPT til að leysa verkefni fyrir skólann. Í framhaldsskóla þekktu 90% stráka til snjallmennisins en tæpur helmingur þeirra (46%) hafði notað það til að leysa skólaverkefni. Sjö af hverjum tíu stelpum (69%) þekktu ChatGPT og 40% þeirra höfðu notað það við skólaverkefni.

Mynd 1.16. Hefur þú notað ChatGPT við að leysa verkefni í skólanum?

Hlutfall stráka og stelpna sem þekkja ChatGPT og hafa notað það til að leysa skólaverkefni.

